



## Fundargerð

### 8. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 21. desember 2022, kl. 08:30.

#### Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Helga Björg Helgadóttir, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Reynir Örn Pálmason og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

#### 1. Fundargerð 249. fundar skipulagsnefndar UTU - 2212029

Lögð fram fundargerð 249. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-172.

*Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-172, til kynningar.*

#### 2. Fundargerð 250. fundar skipulagsnefndar UTU - 2212030

Lögð fram fundargerð 250. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-174.

*Mál nr. 1; Berustaðir land L194087; Þjóðólfshagi 31C; Stofnun lóðar - 2211023*

*Lögð er fram umsókn frá Söru Pálsdóttir er varðar stofnun lóðar Þjóðólfshaga 31C.*

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykki erindið samhljóða og mælist til þess að leitað verði samþykkis landeigenda Berustaða 194087 vegna viðkomandi lóðastofnunar.*

*Mál nr. 2; Gásagustur í Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag - 2203063*

*Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Gásagustar á Holtamannafrétt. Í*

*deiliskipulaginu er afmörkuð ein lóð fyrir mannvirki. Heimilt er að byggja 3 hús og getur*

*heildar byggingarmagn verið allt að 300 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir gistingu í 2-3 skálum og að*

*heimilt sé að vera með aðstöðu fyrir landvörð, upplýsingar og fræðslu um Friðland*

*Þjórsárvera. Gisting getur verið fyrir 30 gesti. Heimilt er að nýta mannvirki allt árið.*

*Núverandi mannvirki verða fjarlægð.*

*Skipulagssvæðið er um 3,7 ha.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Hreppsnefnd Ásahrepps beinir því til skipulagsfulltrúa að Rangárþing ytra verði kynnt þessi skipulagstillaga.*

*Mál nr. 3; Versalir (Stóraver L165351) á Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211042*

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HJ", "HI", "HOP", and a large signature.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Versala á Holtamannafrétt. Með deiliskipulaginu er staðfesta núverandi landnotkun svæðisins. Í Versölum eru þrjár skálar, tveir gistiskálar og hesthús með hestagerði. Annar gistiskálinn og hesthúsið er í eigu Ásahrepps og Rangárþings ytra, hinn gistiskálinn er í einkaeigu. Gisting getur verið fyrir allt að 45 gesti. Skipulagssvæðið er um 5,6 ha.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Hreppsnefnd Ásahrepps beinir því til skipulagsfulltrúa að Rangárþing ytra verði kynnt þessi skipulagstillaga.

Mál nr. 4; Hvanngiljahöll á Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211043  
Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Hvanngiljahallar á Holtamannafrétt. Með deiliskipulaginu er staðfesta núverandi landnotkun svæðisins, auk þess sem gert er ráð fyrir byggingu nýrra skála í stað þeirra sem fyrir eru. Gisting getur verið fyrir allt að 30 gesti. Skipulagssvæðið er um 4,9 ha

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagt deiliskipulag, með fyrirvara um að vegtenging verði flutt á hrygginn suðvestur af skálanum og tengist þar vegakerfi svæðisins. Eftir þær lagfæringar á skipulagi verði það auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Hreppsnefnd Ásahrepps beinir því til skipulagsfulltrúa að Rangárþing ytra verði kynnt þessi skipulagstillaga.

Mál nr. 5; Hald á Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag - 2211044  
Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Halda á Holtamannafrétt. Með deiliskipulaginu er staðfesta núverandi landnotkun svæðisins, auk þess sem gert er ráð fyrir byggingutvegja nýrra skála. Annar er ætlaður fyrir gistingu og hinn getur verið skemma/hesthús. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er um 3,9 ha.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Hreppsnefnd Ásahrepps beinir því til skipulagsfulltrúa að Rangárþing ytra verði kynnt þessi skipulagstillaga.

Mál nr. 25; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-174 - 2211002F  
Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-174.

### 3. Fundargerð 251. fundar skipulagsnefndar UTU - 2212047

Lögð fram fundargerð 251. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-175.

Mál nr. 35; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-175 - 2212001F.  
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-175.

### 4. Fundargerð 2. fundar nefndar um göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir í Ásahreppi - 2212020

Lögð fram fundargerð 2. fundar nefndar um göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagða fundargerð samhljóða og skv. dagsrárlíð 2 þá hafnar hreppsnefnd Ásahrepps erindi um fjárveitingu til uppsetningar og viðhalds áningahólfa á félagssvæði Geysis, enda engin þeirra innan marka Ásahrepps.

### 5. Fjallskiladeild Holtamannafréttar - 3 - 2212003F

JJ BI HBT  
RDP

Lögð fram fundargerð 3. fundar fjallskiladeildar Holtamannafréttar.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fundargerðina fyrir sitt leyti sem felur í sér tillögu um útjöfnun fjallskila ársins 2022.*

5.1 2212012 - Kostnaður vegna fjallskila og tillaga um álagningu fjallskila 2022

5.2 2212013 - Deiliskipulög skálasvæða á Holtamannafrétti

5.3 2212014 - Uppgræðsla á Holtamannafrétti

**6. Fundargerð 225. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2212023**

Lögð fram fundargerð 225. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu ásamt gjaldskrá fyrir árið 2023.

*Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fram lagða gjaldskrá sbr. dagskrárlið 4 fyrir sitt leyti. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**7. Fundargerð 75. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2212036**

Lögð fram fundargerð 75. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

*Eina mál fundarins var afgreiðsla á fjárhagsáætlun Brunavarna fyrir árið 2023.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun Brunavarna fyrir rekstrarárið 2023.*

**8. Fundargerð 316. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. - 2212045**

Lögð fram fundargerð 316. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs.

*Efni fundarins er aukning hlutafjár í Orkugerðinni ehf en hluthafafundur verður haldinn 4. janúar 2023. Stjórn Sorpstöðvar hefur óskað eftir staðfestingu aðildarsveitarfélaga fyrir samþykki á kaupum á hlutafé í Orkugerðinni að hámarki kr. 30.690.000.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti þessa aukningu Sorpstöðvar Suðurlands bs. á hlutafé sínu í Orkugerðinni ehf.*

**9. Samráðsfundur sveitarstjóra með fulltrúum Vegagerðarinnar - 2212033**

Lögð fram fundargerð samráðsfundar sveitarstjóra og fulltrúa Vegagerðarinnar, dags. 3. nóvember 2022, þar sem farið var yfir ástand vega innan sveitarfélagsins.

*Til kynningar.*

**10. Fundargerð 6. fundar stjórnar Odda bs. - 2212040**

Lögð fram fundargerð 6. fundar stjórnar Odda bs.

*Til kynningar.*

**11. Fundargerð 315. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. - 2212026**

Lögð fram fundargerð 315. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs.

*Til kynningar.*

**12. Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs 2022 - 2212034**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. 2022.

*Til kynningar.*

- 13. Fundargerð 222. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2212021**  
Lögð fram fundargerð 222. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.  
*Til kynningar.*
- 14. Fundargerð 223. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2212037**  
Lögð fram fundargerð 223. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.  
*Til kynningar.*
- 15. Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs 2022 - 2212038**  
Lögð fram fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 2022.  
*Til kynningar.*
- 16. Fundargerð 106. fundar svæðisráðs vestursvæðis VJP - 2212046**  
Lögð fram fundargerð 106. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.  
*Til kynningar.*
- 17. Fundargerð aðalfundar Bergrisans bs. 2022 - 2212042**  
Lögð fram fundargerð aðalfundar Bergrisans bs 2022 ásamt skýrslu um úttekt á stjórnsýslu og rekstri Bergrisans bs.  
*Til kynningar.*
- 18. Fundargerð 21. fundar nefndar um svæðisskipulag Suðurrhálendis - 2212027**  
Lögð fram fundargerð 21. fundar nefndar um svæðisskipulag Suðurrhálendis.  
*Til kynningar.*
- 19. Fundargerð 588. fundar stjórnar SASS - 2212015**  
Lögð fram fundargerð 588. fundar stjórnar SASS.  
*Til kynningar.*
- 20. Fundargerð 589. fundar stjórnar SASS - 2212016**  
Lögð fram fundargerð 589. fundar stjórnar SASS.  
*Til kynningar.*
- 21. Fundargerð 590. fundar stjórnar SASS - 2212017**  
Lögð fram fundargerð 590. fundar stjórnar SASS.  
*Til kynningar.*
- 22. Fundargerð aðalfundar SASS 2022. - 2212018**  
Lögð fram fundargerð aðalfundar SASS, 2022.  
*Til kynningar.*

- 23. Fundargerð 53. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2212024**  
Lögð fram fundargerð 53. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.  
*Til kynningar.*
- 24. Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 2022 - 2212025**  
Lögð fram fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 2022.  
*Til kynningar.*
- 25. Fundargerð 915. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2212035**  
Lögð fram fundargerð 915. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
*Til kynningar.*
- 26. Fundaráætlun hreppsnefndar Ásahrepps 2023 - 2212019**  
Lögð fram tillaga að fundaráætlun hreppsnefndar Ásahrepps fyrir reglubundna fundi á árinu 2023.  
*Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að janúarfundi mun seinka og verður haldinn mánudaginn 21. janúar 2023 og að júlifundur fellur niður vegna sumarleyfis hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.*
- 27. Ákvörðun um endurgreiðslu vegna bæjarlýsingar, ljósastaurar. - 2012034**  
Lagt fram yfirlit yfir kostnað vegna orkukaupa og flutnings vegna bæjarlýsingar sem var fengið hjá RARIK og Orkusölnni.  
*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að endurgreiðsla vegna bæjarlýsingar verði kr. 46.000 fyrir tvo ljósastaura á hvert heimili þar sem er skráð búseta. Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að þetta er síðasta árið sem Ásahreppur greiðir fyrir bæjarlýsingu og sveitarstjóra falið að flytja viðmiðunarmælana í Seli og Kálfholti til viðkomandi aðila sem nýta lýsinguna.*
- 28. Deiliskipulög fyrir skála á Holtamannafrétti - 2210007**  
Lagt fram minnisblað um 2. fund um deiliskipulög fyrir skála á Holtamannafrétti. Greinargerðir og uppdættir fyrir skálana Hald, Gásagust, Versali og Hvanngiljahallar einnig lagðar fram ásamt afgreislum skipulagsnefndar.  
*Varðandi niðurstöðu hreppsnefndar er vísað til bókana hreppsnefndar Ásahrepps undir dagskrárlið 2 á þessum fundi.*
- 29. Styrkbeiðni vegna ljósleiðaratengingar - 2212028**  
Lagt fram tölvuskeyti Óðins Ö. Jóhannssonar og Laufeyjar Ó. Christensen, dags. 22. nóvember 2023 þar sem óskað er eftir styrk vegna ljósleiðaratengingar að Áshömrum.  
*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 150.000 þar sem þau eiga lögheimili að Áshömrum. Til að styrkur fái útgreiddur þarf viðkomandi umsækjandi að hafa greitt fyrir útlagðan kostnað Ásaljóss við tenginguna skv. útgefnum reikningi.*
- 30. Beiðni um styrk á móti kaupum á rotþró - 2212031**  
Lagt fram tölvuskeyti Berthu Karlsdóttur og Sverris Sigurðssonar í Vesturási, dags. 27. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir styrk á móti kaupum á rotþró við nýtt íbúarhús þeirra að Vesturási þar sem þau eiga lögheimili.

gj HSH  
KI  
ROP

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita þeim styrk að upphæð kr. 188.019.*

**31. Beiðni um uppsetningu tveggja ljósastaura að Vesturási - 2212032**

Lagt fram tölvuskeyti frá Berthu Karlsdóttur og Sverri Sigurðssyni, dags. 27. nóvember 2022, þar sem þau óska eftir að settir verði upp tveir ljósastaurar við íbúðarhús þeirra að Vesturási þar sem þau eiga lögheimili.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að kosta uppsetningu á tveimur ljósastaurum við íbúðarhús þeirra.*

**32. Bréf HSK, beiðni um fjárstuðning árið 2023 - 2212039**

Lagt fram bréf HSK, dags. 6. desember 2022, þar sem óskað er eftir fjárstuðningi árið 2023. Óskað er eftir framlagi kr. 280 á hvern íbúa Ásahrepps. Einnig er lögð fram ársskýrsla HSK fyrir árið 2021.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita HSK umræddan fjárstuðning, enda er gert ráð fyrir því framlagi í fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2023.*

**33. Boð N4 um samstarf við gerð sjónvarpsþátta - 2212041**

Lagt fram tölvuskeyti N4, dags. 7. desember 2022, þar sem Ásahreppi er boðið að koma inn í "Að sunnan" þáttaröðina á næsta ári. Kostnaðurinn yrði 1,8 milljónir króna sem er hugsaður sem styrkur til þáttagerðar.

*Hreppsnefnd Ásahrepps hafnar erindinu.*

**34. Samningur um umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni - 2209018**

Lagt fram tölvuskeyti frá lögfræðisviði Akureyrarbæjar, dags. 7. desember 2022, þar sem fram koma athugasemdir við þær breytingar sem gerðar hafa verið við endurskoðaðan samning um umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni. Einnig koma fram svör við fram komnum athugasemdum. Ljóst er að það viðamiklar breytingar hafa verið gerðar á samningnum að fyrri samþykktir hreppsnefndar Ásahrepps geta ekki gilt um nýja útgáfu samningsins. Einnig lagt fram bréf frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 16. desember 2022, þar sem kynnt er að félagsþjónustan hefur óskað eftir aðkomu félagsþjónustusvæðisins að umdæmisráði sem Árborg, Reykjanesbær, Grindavík, Suðurnesjabær og Vogar standa að. Fyrir liggur samþykki þessara sveitarfélaga að Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu gangi inn í þeirra samning um umdæmisráð barnaverndar.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að standa að umdæmisráði sveitarfélaga á Suðurlandi og styður það að hætta við þátttöku í umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni.*

*Sveitarstjóra er falið að koma þessari afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps til félagsþjónustunnar og felur honum einnig að undirrita samning um inngöngu í umdæmisráð sveitarfélaga á Suðurlandi og Suðurnesjum fyrir hönd Ásahrepps, þó með þeim fyrirvara að samningur verður sendur til hreppsnefndar Ásahrepps áður en undirritun á sér stað.*

**35. Húsnæðisáætlun Ásahrepps - 2212043**

Lögð fram drög að húsnæðisáætlun Ásahrepps 2023 sem unnin hefur verið í samvinnu við Húsnæis- og mannvirkjastofnun.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun Ásahrepps 2023.*

**36. Ákvörðun um álagningarhlutfall útsvars árið 2023 - 2212044**

Lagt fram tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. desember 2022, þar sem kynnt er samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk milli þriggja ráðuneyta og sambandsins. Í samkomulaginu felst að hámarksútsvar sveitarfélaga sem nú er 14,52% skal hækkað um 0,22% samhliða lækkun tekjuskatts um samsvarandi hlutfall. Þessar breytingar taka gildi fyrir árið 2023. Engin breyting verður á skattbirði einstaklinga við þessa breytingu, en um er að ræða tilflutning fjármags milli skattstofna.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2023 verði 14,74%.*

**37. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011**

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið janúar - nóvember 2022.

*Til kynningar.*

**38. Rafræn langtímavarðveisla skjala - 2212022**

Lagt fram tölvuskeyti héraðsskjalavarðar, dags. 15. nóvember 2022 ásamt viljayfirlýsingu héraðsskjalavarða, samstarfsyfirlýsingu héraðsskjalavarða og minnisblaði um rafræna langtímavarðveislu skjala.

*Til kynningar.*

**39. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018**

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 23. janúar 2023.

*Til kynningar.*

Fundi slitið kl. 11:30.

Ísleifur Jónasson

Ísleifur Jónasson

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Nanna Jónsdóttir

Nanna Jónsdóttir

Práinn Ingólfsson

Práinn Ingólfsson

Reynir Örn Pálmason

Reynir Örn Pálmason

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson